

ÍGULKER – SEA URCHIN

Strongylocentrotus droebachiensis

RÁÐGJÖF – ADVICE


Hafrannsóknastofnun ráðleggur í samræmi við varúðarsjónarmið að afli fiskveiðiárið 2017/2018 verði ekki meiri en 250 tonn innan svæðis í innanverðum Breiðafirði sem markast suður og austur frá punkti 65°10'N og 22°40'V. Jafnframt er lagt til að innan þessa svæðis verði dregin lína (milli 65°08'N, 22°31'V og 65°04'N, 22°25'V) til skiptingar svæðinu og aflamark vestan hennar verði 150 tonn og austan hennar 100 tonn.

MFRI advises that when the precautionary approach is applied, sea urchin catches in the fishing year 2017/2018 should be no more than 250 tonnes in Breiðafjörður south of 65°10'N and east of 22°40'W. This area is divided by a line (between 65°08'N, 22°31'V and 65°04'N, 22°25'V) and catches should be 150 tonnes west of the line and 100 tonnes east of the line.

STOFNÞRÓUN – STOCK DEVELOPMENT

Afli hefur vaxið hægt frá árinu 2006 en afli á sóknareiningu verið tiltölulega stöðugur.

Catches have increased since 2006, with little changes in CPUE.



Ígulker. Afli og afli á sóknareiningu.
Sea urchin. Catches and CPUE.

FORSENDUR RÁÐGJAFAR – BASIS FOR THE ADVICE


Stofnstærðarmat, framkvæmt í september 2015 og apríl 2016 í innanverðum Breiðafirði, bendir til að 2500–3000 tonn af ígulkerum séu á svæðunum. Í ljósi varúðarsjónarmiða miðast ráðgjöf við 10% af lægra gildi þessa mats.

A survey on sea urchins in Breiðafjörður in 2015–2016 estimates a biomass of 2500–3000 tonnes. Based on the precautionary approach, MFRI advises catches of no more than 10% of the lower estimate of the survey.

VEIÐAR – THE FISHERY

Ígulkeraveiðar hófust árið 1993. Langmest var veitt í Breiðafirði. Á árunum 1997–2003 lögðust veiðarnar að mestu af. Þótt samdráttur í afla skýrist að verulegu leyti af versnandi markaðsaðstæðum, létu mörg bestu veiðisvæðin verulega á sjá eftir veiðarnar. Veiðar á ígulkerum hófust að nýju í Breiðafirði árið 2004.

Fishing for sea urchin started in 1993, and the bulk has been caught in Breiðafjörður (W-Iceland). In 1997–2003, fishing for sea urchin came largely to an end. Decreased catches can mostly be attributed to market factors, but the main fishing areas were severely affected by the effort in those years. Fishing resumed in 2004.



Ígulker. Veiðisvæði árin 2010–2016 (t/sjm²)
Sea urchin. Fishing grounds in 2010–2016 (t/nmi²)

HEIMILDIR OG ÍTAREFNI – REFERENCES AND FURTHER READING

MFRI. 2017. Assessment of sea urchin. Marine and Freshwater Research Institute. http://www.hafogvatn.is/wp-content/uploads/2017/05/igulker_tækniskýrsla.pdf